

Fundargerð 70. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, **18. nóvember, 2020, kl. 10:30-12:00** á zoom.

Fundinn sátu: Erla Björk Örnólfsdóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Skúladóttir, Sveinn Margeirsson, Stefán Óli Steingrímsson og Ingibjörg Sigurðardóttir. Fulltrúi stúdenta fjarverandi. Fundarritari var Sigríður Sigurðardóttir.

Dagskrá lögð fyrir og samþykkt.

Dagskrá:

1. Fundargerð 69. fundar háskólaráðs. Ábendingar komu fram um orðalag á öðrum og fjórða lið, fundargerð verður borin til samþykkis á næsta fundi.
2. Drög að rekstraráætlun háskólans árið 2021.
Guðmundur Björn Eyþórsson, fjármálastjóri, kynnti útkomuspá 2020 og drög að rekstraráætlun 2021. Ræddar voru ýmsar leiðir til að fjármagna störf skólans. Fram kom að sértekjuáætlanir deilda eru afar varfærnar í framlögðu yfirliti og hægt væri að hækka þá liði samkvæmt væntingum um tekjur/styrki. Fulltrúar óskuðu eftir að fá dýpri upplýsingar um áætlunina og framvegis að fá fjárhagsyfirlit örar. Ræddir voru margir möguleikar til nýsköpunar verkefna þar sem skólinn getur haft sterka stöðu á sínum sviðum og skapað tekjur til framtíðar liði.
3. Skipan jafnréttisfulltrúa.
Háskólaráð skipar hér með nýja jafnréttisnefnd. Í nefndinni munu sitja: Starfsmennirnir Laufey Haraldsdóttir og Stefán Ásgrímur Sverrisson, sem og Katharina Teresa Kujawa, fulltrúi nemenda.
4. Önnur mál, voru engin.

Fundi slitið.